

KIRKJUGARÐARÁÐ

Fjarfundur

170. fundur haldinn fimmtudaginn 8. nóvember 2020

Pátttakendur voru: Ragnhildur Benediktsdóttir formaður ráðsins sem stýrði fundi, Valtýr Valtýsson sveitarstjóri og fulltrúi Sambands íslenskra sveitarfélaga, Þórsteinn Ragnarsson forstjóri KGRP og fulltrúi Kirkjugarðasambands Íslands, Smári Sigurðsson forstjóri Kirkjugarða Akureyrar og fulltrúi Kirkjubings, Guðmundur Rafn Sigurðsson framkvæmdastjóri Kirkjugarðaráðs, Sigurgeir Skúlason verkefnisstjóri Kirkjugarðaráðs og Kristín Huld Sigurðardóttir forstöðumaður Minjastofnunar Íslands sem ritaði fundargerð.

Gestur fundarins var: Jóhannes Finnur Halldórsson hagfræðingur undir lið 2.

1. Fundur settur.

Fundur var settur kl. 13:00

Fundargerð 168 fundar samþykkt. Fundargerð síðasta fundar frestað til næsta fundar.

2. Endurskoðun á grafargjaldinu 2021.

Jóhannes Finnur Halldórsson kynnti. Hann kallaði eftir að verkefnið yrði skilgreint betur. Tillaga hans var að hann fengi sent minnisblað með tillögum þannig að verkefnið yrði vel skilgreint, efnisinnihald og tímamörkin. Ráðið samþykkti tillöguna og fól Guðmundi Rafni Sigurðssyni og Þórsteinn Ragnarssyni að taka saman minnisblað fyrir Jóhannes Finn vegna vinnunnar við reiknilíkanið fyrir Kirkjugarðaráð.

3. Erindi frá Dómsmálaráðuneyti – breytingar á ákvæði í lögum um reiknishald Kirkjugarðasjóðs.

Ragnhildur Benediktsdóttir formaður kynnti. Ríkisendurskoðun hafði sent ábendingu til ráðuneytisins um að það orkaði tvímælis að skrifstofa biskups annaðist reiknishald Kirkjugarðasjóðs enda kirkjugarðar sjálfseignarstofnanir með sérstöku fjárhaldi. Kirkjugarðaráð tekur undir með Ríkisendurskoðun og mun leita til fyrirtækja á þessu sviði og fá tilboð í verkið þegar lagabreytingin liggur fyrir.

4. Næsti fundur.

Jólafundur 10. nóvember kl. 12:00.

5. Önnur mál.

Engin.

Fleira ekki gert,
Fundi slitið kl. 14:00.

Ragnhildur Benediktsdóttir,
formaður

Kristín Huld Sigurðardóttir,
ritari